

## INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2021, fimmtudaginn 24. júní var haldinn 39. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal, 4. hæð Borgartúni 12-14 og með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 13:03. Eftirtaldir innkaupa- og framkvæmdaráðs fulltrúar tóku sæti á fundinum Valgerður Árnadóttir, aðrir ráðsmenn tóku sæti með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 354/2021 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um að framlengja heimild í auglýsingu 230/2020 skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Sabine Leskopf, Ellen Jacqueline Calmon, Örn Þórðarson og Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir. Einnig sat fundinn Theodór Kjartansson frá embætti borgarlögmanns og Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir frá innkaupaskrifstofu.

Fundarritari var Margrét Lilja Gunnarsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Formaður ráðsins leggur til að tekið verið á dagskrá kosning varaformanns.

Samþykkt

Lögð fram tillaga formanns Innkaupa- og framkvæmdaráðs þess efnis að fulltrúi Pírata, Valgerður Árnadóttir, verði kjörinn varaformaður Innkaupa- og framkvæmdaráðs.

Fulltrúi Pírata, Valgerður Árnadóttir, var samhljóma kjörinn varaformaður Innkaupa- og framkvæmdaráðs.

2. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. júní 2021, varðandi töku tilboðs lægstbjóðanda Orkuvirki í útboði 15204 – Gervigrasvöllur KR – Endurnýjun vallarlýsingar. R21050063.

Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

3. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssvið, dags. 16 júní 2021, varðandi töku tilboðs lægstbjóðanda Jarðvals sf. í útboði 15217 – Stjörnugróf 7 – 11. Gatna- og stígagerð. R21050252.

Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

4. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssvið, dags. 16 júní 2021, varðandi töku tilboðs lægstbjóðanda Alma Verk ehf. í útboði 15215 – Umferðaröryggisaðgerðir 2021. R21050114.

Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

5. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssvið, dags. 22. júní 2021, varðandi töku tilboðs lægstbjóðanda Blikksmiðurinn hf. í útboði 15142 – Hamraskóli. Ný loftræstikerfi fyrir kennslustofur. R21030195.

Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

6. Lagt fram erindi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 21. júní 2021, varðandi töku hagkvæmasta gilda tilboðs Furðufiska ehf. í Samkeppnisviðræðum nr. 14715 – vegna mótuneytisþjónustu í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar. R20020022.

Samþykkt.

Finnur Kári Guðnason, Arna Ýr Sævarsdóttir og Aldís Geirdal Sverrisdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

7. Lagt fram svör þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags 22. júní 2021, vegna yfirlits yfir innkaup þjónustu og nýsköpunarsviðs yfir 5 miljónir króna á tímabilinu 202001-202012 sem var frestað á 33. fundi ráðsins þann 29. apríl 2021. R21010025.

Aldís Geirdal Sverrisdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

8. Lagt fram erindi skóla- og frístundasviðs, dags. 22. júní 2021, varðandi töku hagkvæmasta gilda tilboðs Emmessís ehf. í útboði nr. 15124 – Ís til endursölu á starfsstöðum ÍTR. R21030198.  
Samþykkt.

Andrés Bögebjerg Andreassen tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Ellen Jacqueline Calmon víkur sæti af fundi undir þessum dagskrárlið.

### **Fundi slitið kl. 14:14**

Sabine Leskopf

Valgerður Árnadóttir  
Ellen Jacqueline Calmon

Örn Þórðarson  
Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir